



Fréttabréf Skeggjastaðahrepps

Útdráttur úr fundargerðum

Útgáfa september 2005
Hauksdóttir

Ábyrgðarmaður. Selma Björk

Fundur 20. september 2005

Aðal- og deiliskipulag fyrir Skeggjastaðahrepp. Samþykkt var samhljóða að auglýsa aðalskipulag Skeggjastaðahrepps 2004-2024.

Sameiningarviðræður við Vopnafjörð. Samningsdrögin voru tekin til kynningar og yfirfarin. Lokaumræða um málefnasamning sameiningarnefndar verður á Vopnafirði miðvikudaginn 21. september kl. 12.30.

Framkvæmdarlok á vatnsveitunni. Almenn umræða um gang mála í vatnsveitu og stefnir í að sé á áætlun.

Framkvæmdir við höfnina. Marinó sagði frá gangi mála við höfnina. Árni Magnússon tekur að sér að ganga frá rafmagni en beðið er eftir vinnugögnum frá Teikn á Lofti.

Fundi frestað til 26. september nk.

Fundur 26. september 2005

Erindi barst frá Og Vodafone um kjör sem þeir bjóða sveitarfélögum vegna samningaviðræðna.

Béf barst frá Félagsmálaráðuneytinu um gjaldtöku sveitarfélaga vegna ferðaþjónustu fatlaðra.

Bréf barst frá Héraðsskjalasafni Austfirðinga bs. um að fá staðfestingu á umfjöllun sveitarstjórnar um fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns 2006. Einnig barst ársreikningur.

Bréf barst frá jöfnunarsjóði vegna nýbúaframlags.

Bréf barst frá Varasjóði húsnæðismála. Skeggjastaðahrepp var úthlutað 12.662.550 kr. vegna Miðvangs 1-3, 6.243.566 kr., og Skólagötu 4, 6.417.948 kr.

Bréf barst frá Félagsmálaráðuneytinu um aðlögun innflytjenda að íslensku samfélagi.

Bréf barst frá Sjávarútvegsráðuneytinu um úthlutun byggðarkvóta. Ákveðið var að leita til þróunarfélags Austurlands um að sjá um framkvæmd og eftirlit úthlutunarreglna.

Ályktun barst frá Landssambandi slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna um að semja um framkvæmd sjúkraflutninga á landsvísu.

Bréf barst frá Fasteignamati ríkisins um endurmat fasteigna.

Bréf barst frá fjárlaganefnd Alþingis þar sem sveitarstjórn er gefinn kostur að eiga fund með nefndinni.

Bréf barst frá Siglingastofnun um uppgjör og verklok framkvæmda fyrir 2004 og áður.